

2. fundur fræðslunefndar vegna Flúðaskóla árið 2011, haldinn 30. mars, kl. 13.00, í Flúðaskóla.

7. fundur kjörtímabilsins vegna Flúðaskóla.

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson, Gunnar Jóhannesson, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Jóhanna Lilja Arnardóttir aðstoðarskólastjóri, Bára Sævaldsdóttir fulltrúi kennara, Ingvar Hjálmarsson, Lára Bergljót Jónsdóttir, Skeiða- og Gnúpverjahrepp og Axel Árnason Njarðvík, fulltrúi úr skólaráði.

Dagskrá.

1. Skýrsla skólastjóra.
2. Drög að skóladagatali fyrir skólaárið 2011-2012.
3. PISA, kynning.
4. Erindisbréf fyrir fræðslunefnd.
5. Menntaþing í Gunnarsholti.
6. Önnur mál.

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla skólastjóra.

Starfsmannaviðtöl standa nú yfir og eru skólastjórnendur ánægðir með hve starfsandinn er góður í skólanum. Líklega er fullmannað hjá okkur fyrir næsta vetur nema hugsanlega gæti vantað í ½ stöðu íþróttakennara.

Ingibjörg og Katrín fóru á ráðstefnu um læsi sem haldin var í Danmörku í byrjun desember, þessi ráðstefna átti að vera á síðasta skólaári en var frestað vegna eldgosins.

Halla Sigríður, Gyða og Elín Jóna voru með fyrirlestur á ráðstefnu kennara í upplýsingatækni um náttúrufræðivefinn og kennslufræði á bak við hann. Umferðin á síðuna hefur aukist mjög og mikill áhugi var á þessu verkefni.

Anna Ásmundsdóttir fór á vegum Evrópuráðsins til Austurríkis og var þar með vinnustofu á ráðstefnu um tungumálakennslu. Þátttakendur voru frá 26 löndum en hún var eini Íslendingurinn. Það samstarf sem hún er búin að byggja upp við danska skóla vekur athygli og þykir til mikillar fyrirmyndar og því var leitað til hennar með þetta verkefni sem er um nemendaskipti og tungumálakennslu.

Sigríður Helga, Helga Teits, Sjöfn og Margrét Jóns fóru á skólasýningu í Birmingham á dögnum en þetta er stór sýning sem margir fara á og töluvert var af íslensku skólafólki þar.

Skólahreysti var haldin fimmtudaginn 3. mars í Reykjavík, öllum nemendum í unglingadeild var boðið að fara með. Jónas Rafn Ölvisson, Hafþór Ragnarsson, Guðrún Arnardóttir og Karen Munda Jónsdóttir skipuðu lið Flúðaskóla. Þau stóðu sig með miklum sóma og hafnaði liðið í 5. sæti en alls voru ellefu skólar í þeirra riðli. Mjög jafnt var með þeim liðum sem voru í efstu fimm sætunum og megum við því vel við una. Sveitarfélögin sem standa að skólanum veittu okkur auka fjárveitingu svo gerlegt væri að bjóða öllum að fara með til að hvetja sitt lið.

Skólaþing Flúðaskóla, Reykholtsskóla og Þjórsárskóla hittust í Félagsheimilinu fimmtudaginn 3. mars og voru með sameiginlegan æfingadag. Dagurinn þótti takast mjög vel og vonandi er þetta eitthvað sem er komið til að vera. Svona samstarfsdagur er liður í að auka samskipti á milli nemenda í þessum þremur sveitarfélögum.

Mikil þátttaka var í Halldórsmótinu í skák, um 70% nemenda úr 3. - 10. bekk tóku þátt. Úrslitin voru mjög spennandi í yngri flokki þar sem þrjú efstu keppendurnir voru með jafn marga vinninga, grípa þurfti til sérstakra útreikninga til þess að skera úr um 1. - 3. sæti. Þessi mikla þátttaka hefur vakið athygli og hefur skáksambandið boðið okkur að koma í heimsókn til að viðhalda þessum áhuga.

Stóra upplestrarkeppnin var haldin að Borg í Grímsnesi, tíu 7. bekkingar úr fimm skólum tóku þátt. Erla Ellertsdóttir og Rúnar Guðjónsson kepptu fyrir hönd Flúðaskóla og stóðu þau sig bæði með sóma og Rúnar lenti í 1. sæti.

Stærðfræðikeppnin var haldin 16. mars í FSu, 6 nemendur frá Flúðaskóla úr 8. - 10. bekk kepptu fyrir hönd skólans. Nemendur úr Flúðaskóla komust ekki í verðlaunasæti.

Nemendum í 1. – 7. bekk var boðið á lokaæfingu í Þjórsárskóla síðastliðinn föstudag á Konungljónanna. Nemendum Þjórsárskóla verður boðið á lokaæfingu á Ávaxtakörfunni.

Danskennsla hófst 1. mars í 1. – 7. bekk og sem valgrein á unglíngastigi og verður til vors.

Öskudagsskemmtun var haldin í samstarfi við foreldrafélagið eins og á síðasta ári fyrir 1. - 7. bekk. 8. – 10. bekkingar voru í íþróttahúsinu að sprella með kennurum sem ekki fóru á öskudagsskemmtun yngri nemenda.

Fulltrúar frá ML og FSu komu með kynningu fyrir foreldra og nemendur 10. bekkjar. Fundurinn var mjög áhugaverður og upplýsandi en dræm mæting ólíkt því sem var fyrir ári síðan.

Tíu nemendur eru nú í leyfi í eina kennsluviku, vegna Evrópusamtarfsverkefnis félagsmiðstöðvarinnar. Það er frábært tækifæri fyrir nemendur sem fá að taka þátt í slíku. Hins vegar væri nauðsynlegt fyrir skólann að vita það með lengri fyrirvara en nú var gefinn hverjir eru fjarverandi í þetta langan tíma.

Árshátíð 1. – 7. bekkinga verður miðvikudaginn 13. apríl kl 16:00 og 8. – 10. bekkingar verða fimmtudagskvöldið 14. apríl. Þemavika helguð undirbúningi verður vikuna á undan og er þema ársins ávextir.

2. Drög að skóladagatali fyrir skólaárið 2011-2012.

Skólastjóri lagði fram til kynningar drög að skóladagatali fyrir næsta skólaár. Samþykkt að fræðslunefnd kanni heimild varðandi fjölda skóladaga.

3. PISA könnun.

Skólastjóri kynnti niðurstöður PISA rannsóknarinnar. Skólinn er rétt yfir landsmeðaltali í lesskilningi og stærðfræði en í náttúrufræði eru okkar nemendur yfir landsmeðaltali á meðan Suðurland er undir landsmeðaltali.

4. Erindisbréf fyrir fræðslunefnd.

Formaður lagði fram drög að erindisbréfi fyrir fræðslunefnd. Farið var yfir málið. Fræðslunefnd samþykkir erindisbréfið fyrir sitt leyti og sendir það sveitastjórnnum til staðfestingar.

5. Menntaþing í Gunnarsholti.

Formaður skýrði frá setu sinni á Menntaþingi í Gunnarsholti. Fyrirlestrana er að finna á heimasíðunni www.sudurland.is, undir liðnum „Málþing“.

6. Önnur mál vegna Flúðaskóla. Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 14.00